

M-24/2010 Álit 27. apríl 2010

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. apríl 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-24/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á sjálfskiptingu bifreiðar sem hann keypti af Y, 11. ágúst 2009. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi taki þátt í kostnaði við að gera við sjálfskiptinguna.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 1. mars sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 11. mars. Álitsbeiðandi óskaði eftir fresti til 30. mars þar sem hann væri erlendis og var hann veittur. Andsvör lögmanns seljanda bárust þann dag. Með bréfi, dags. 6. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 15. apríl. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 16. apríl sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni segir álitsbeiðandi m.a. eftirfarandi:

„Upplýsingar um keypta vöru/hlut eða þjónustu

Þann 11. ágúst 2009 kaupir álitsbeiðandi bifreið A 2002 árgerð sem var ekin 108 þúsund kr. á 1.700.000 af Y með milligöngu Z. Þegar bílnum var reynsluekið var ekkert athugasemdir að finna við sjálfskiptinguna en ég fann að hann rásaði og keypti ég hann vitandi um það og nokkra útlitsgalla.

Frá 19. ágúst til 18. september stendur bíllinn ónotaður þar sem ég er að heiman vegna vinnu. Finn ekkert stórkostlegt að en tek eftir að hann er aðeins farinn að hökta þegar stöðvað er.

Þann 25. september varð vart við leka sem ég taldi vera frá vélinni en reyndist vera frá sjálfskiptingu. Var pantaður tími hjá B og gátu þeir tekið á móti bílnum 1. okt. Þegar sjálfskiptingin var tekin undan hjá B kom í ljós að lekinn kom frá sjálfskiptingunni. Ýtarlegri lýsingu er að finna á meðfylgjandi reikningi frá B. Þegar komið var í ljós hvernig í pottinn var búið hafði ég samband við Z og upplýsti hann um það sem lá fyrir um málið. Fékk bílinn til baka úr viðgerð 7. des. 2009. Km staðan á bílnum þann 8. des. var 109976 km. Bílnum hafði ég því sáralítið ekið þegar sjálfskiptingin fór að leka.

Ágreiningsefni

Öll samskipti fóru í gegnum Z þar sem hann var alls staðar skráður tengiliður á þeim netsíðum sem ég hafi skoðað bílinn á. Þegar ég hafði samband við hann þegar í ljós var

komið hvernig í pottinn var búið talaði hann um að við þyrftum að finna eitthvað út úr þessu. Með þessum orðum taldi ég að þeir feðgar hygðust taka þátt í viðgerðarkostnaði með mér. Þegar viðgerð var lokið kom annað hljóð í strokkinn og mér tjáð að þeir ætluðu ekki að taka neinn þátt í kostnaði.

Kröfur og rökstuðningur

Ég tel eðlilegt að þeir taki þátt í kostnaði þar sem ég gat ekki með nokkru móti vitað að sjálfskiptingin væri skakkt sett á vélina.“

IV

Andsvör álitseiddanda

Í andsvörum seljanda, sem lögmáður hans ritar, segir m.a. eftirfarandi:

„Umbj. minn eignaðist bifreiðina einungis 5 vikum áður en X keypti bifreiðina [...]. Á meðan bifreiðin var í eigu umbj. míns var henni ekið í kringum 1000 km og sló ekki feilpúst. Bifreiðin hafði fengið athugasemdalaus skoðun fyrir á árinu 2009, hjá fyrri eiganda, og því ekki yfir nokkru að kvarta að undanskildum smávægilegum útlitsskemmdum og sliti sem eðlilegt telst á tæplega 8 ára gamalli bifreið. [...] Daginn eftir, 11. ágúst 2009, kom X ásamt föður sínum og reynsluók bifreiðinni í dágóða stund. Strax eftir reynsluaksturinn bauð X í bifreiðina og vildi ólmur ganga frá kaupunum sem fyrst og þá strax um kvöldið. Ásett verð á bifreiðinni var kr. 2.500.000 (sjá útprent af auglýsingu) en tilboð X var kr. 1.700.000, sem síðar var samþykkt þar sem um staðgreiðslu var að ræða. [...] Taka skal fram að X var hvattur til að láta söluskoða bifreiðina áður en gengið var frá kaupunum enda lá ljóst fyrir að umbj. minn hafði átt bifreiðina í mjög skamman tíma og þekkti því ekki til hennar svo nokkru skipti. [...] Um tveimur mánuðum eftir kaupin hafði X samband við son umbj. míns, Z. Sagði X Z að hann hefði orðið var við leka undir bifreiðinni eftir að hún hefði staðið á allnokkurn tíma hjá sér. Þá sagðist X vera búinn að panta tíma hjá verkstæði til þess að láta athuga hver orsökina væri. Taldi Z að það væri ekkert athugavert við það, eða fengi nokkru um það ráðið, að X hefði samband og léti vita af framvindu mála. Því er hins vegar alfarið mótmælt að það hafi verið gefið í skyn, eða hægt að túlka það á nokkurn hátt, að umbj. minn tæki þátt í viðgerðarkostnaði. Það lá ljóst fyrir af umbj. míns hálfu og Z að bifreiðin væri alfarið á áhættu og ábyrgð X og var honum fyllilega gerð grein fyrir því.

Um miðjan desember 2009 hafði X svo aftur samband og sagðist vera búinn að láta gera við orsök lekans og reikningur væri hátt í kr. 500.000. Á þessum tíma hafði umbj. minn einungis fengið að vita að bifreiðin væri á verkstæði. Ekki höfðu verið lagðar fram áætlanir um viðgerðir eða kostnað samhliða því. Þá hafði umbj. minn hvorki fengið að koma að athugasemdum við þá viðgerð sem fór fram eða fengið tækifæri á því að láta skoða meinta galla sjálfur. Engu að síður fór X fram á að umbj. minn tæki þátt í að greiða reikninginn að einhverju leyti. Því var alfarið hafnað.

Samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000 flyst áhætta og ábyrgð á hinu seldu við það tímamark þegar kaupandi fær hið seldu afhent og tekur það í sínar vörslur. Skal ákvörðun um hvort hið seldu sé gallað í skilningi laganna miðast við það tímamark. Kaupandi ber sönnunarbyrði fyrir því að hið seldu hafi verið haldið slíkum galla og sá galli hafi verið til staðar við afhendingu. Í rökstuðningi sínum vísar X til þess að sjálfskipting bifreiðarinnar hafi verið gölluð. Gera má ráð fyrir því að vísað sé til þess að samkvæmt viðgerðarreikningi hafi sjálfskiptingin einhvern tíma verið tekin niður og þegar hún hafi verið sett í hafi hún ekki fallið almennilega á stýringarnar og það hafi orsakað olíulekann. Telja verður fráleitt að samkvæmt þessu liggi fyrir fullnægjandi sönnun fyrir því að sjálfskiptingin hafi verið gölluð í skilningi lausafjárkaupalaga við afhendingu. Það liggur ljóst fyrir að bifreiðin var í góðu ástandi þegar hún var seld og

afhent X. Það liggur einnig ljóst fyrir að, þrátt fyrir meintan olfuleka, var bifreiðin í notkun hjá X og henni ekið á verkstæðið án nokkurra vandkvæða. Að öðru leyti er vísað til viðgerðarreiknings sem X leggur fram, þar sem fram kemur að sjálfskiptingin hafi setið skökk við stýringar. Eins og áður hefur verið rakið eru gerðar alvarlegar athugasemdir við það að umbj. mínum hafi ekki boðist að láta skoða eða meta bifreiðina m.t.t. meints galla áður en X lagði sjálfur í viðgerð á bifreiðinni.“

Í andsvörinum er síðan ítrekað að X hafi ekki látið söluskoða bifreiðina en telja megi víst að við slíka skoðun hefði olfulekinn komið í ljós. Því geti hann ekki samkvæmt meginreglu lausafjárkaupalaga borið gallann fyrir sig. Þá er því mótmælt að færðar hafi verið sönnur á að bifreiðin hafi verið haldin slíkum göllum við kaupin að varði skaðabótaskyldu seljanda sem ekki geti tekið ábyrgð á meðferð hennar eftir afhendingu. Það að tæplega 8 ára bifreið hafi einhvern tíma „orðið fyrir viðgerð“ geti ekki talist galli.

V

Úr gögnum málsins

Á reikningi B, dags. 7. desember 2009, er m.a. eftirfarandi skráð:

„Skipta um pakkdós aftur úr vél. [...] Athuga ástand á fóðringum framan, finnst bíllinn rása í akstri. [...] Skipting tekin úr og sést þá strax að skipting er að leka en ekki vélin. Og þá sást strax ástæðan, skiptingin hefur einhvern tíma verið tekin áður niður og þegar hún hefur verið sett í hefur hún ekki fallið almennilega á stýringarnar en samt sem áður verið hert að. Við þetta kremjast stýringarnar og skiptingin verður skökk upp á mótornum og afstaðan á convertornum inn í skiptinguna verður því skökk og byrjar að æla út um pakkdósina. Tók dæluhúsið framan af skiptingunni og sást ekkert að dælunni nema að það voru agnir við leguna sem komu líklegast úr convertornum. Þegar búið var að leka úr convertornum sáum við einnig að leguslíf ein var farin af stað og convertorinn og dælan send því á Ljónsstaði. [...] Skipting sett saman og nýi convertorinn í, skipt um sveifarpkkdós og skipting svo sett í bíl. [...] Skipting var ekki að hegða sér eðlilega, talað við eiganda og þá var hún búin að vera eitthvað skrítin, skipting tekin aftur úr bíl og opnuð, var allt stútfullt af svarfi og drullu og var brotinn stimpill í einni kúplingunni. Skipting tekin úr og græjuð frá a-ö og ventlaboddy sent til Ella skjálfskiptisérfræðings í yfirferð. Skipting sett aftur í og keyrir eðlilega núna.

Upphafleg viðgerð:

Efni 200 þúsund

Vinna 100 þúsund

Samtals 290 þúsund (sic)

Seinni viðgerð:

Efni 135 þúsund

Vinna 190 þúsund

Samtals 325 þúsund

Samtals 615 þúsund“

Reikningur B er á nokkrum blöðum og þar er gerð grein fyrir einstökum kostnaðarliðum, þeir lagðir saman og fæst þá niðurstaðan kr. 577.164. Verður ekki betur séð en að það sé kostnaðurinn við viðgerðina sem lýst er en ekki kr. 615.000.

VI

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um lausafjárkaup, sbr. 1. gr. þeirra laga.

Við afgreiðslu málsins hefur kæruneftndin leitað álits sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni A segir um ástand bifreiðarinnar að síðasta lögbundna aðalskoðun hafi farið fram í apríl 2009. Kaupandi hafi prófað bifreiðina og seljandi upplýst um ástand hennar. Þá segir í prentuðum texta: „Seljandi hefur vakið athygli kaupanda á þeim rétti að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis og staðfestir álitsbeiðandi það með undirskrift sinni.

Um viðskipti af því tagi sem hér um ræðir er svohljóðandi ákvæði í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.“

Í 1. og 2. mgr. 20. gr. sömu laga segir eftirfarandi:

„Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.“

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Það er álit kæruneftdarinnar að þótt líta mætti svo á að sjálfskipting bifreiðarinnar ein og sér kunni að hafa verið ógölluð þegar kaupin fóru fram, sem reyndar er harla ólíklegt þegar litið er til lýsingar á viðgerð á reikningi B, þá hafi engu að síður verið sá galli á bifreiðinni að sjálfskiptingin hafi ekki verið sett í bifreiðina með réttum hætti eða þá skekkst af einhverjum ástæðum sem leitt hafi til þess að hún skemmdist og gera þurfti við hana. Þar sem svo skammur tími leið frá því að bifreiðin var afhent álitsbeiðanda og þar til að gera þurfti við sjálfskiptinguna álfur kæruneftndin að byggja verði á því að bifreiðin hafi verið með gallaða sjálfskiptingu, bæði er varðaði ástand hennar og

íssetningu, þegar kaupin fóru fram enda hefur ekkert annað um það verið leitt í ljós. Að því er kröfur álitsbeiðanda varðar skiptir ekki máli að seljandi hafði átt bifreiðina í skamman tíma en það gæti hins vegar leitt til þess að hann eigi kröfu á þann sem seldi honum en slík krafa er ekki til meðferðar í þessu máli.

Eins og fram kemur í kaupsamningi og afsali var bifreiðin skoðuð lögbundinni skoðun í apríl 2009 en kaupin fóru fram 11. ágúst sama ár eða um fjórum mánuðum síðar. Ekki er upplýst í málinu hvort eitthvað var hreyft við sjálfskiptingunni frá því að aðalskoðun fór fram en seljandi kveðst einungis hafa átt bifreiðina í 5 vikur áður en hún var seld álitsbeiðanda. Sterkar líkur benda til þess, þótt ekki sé það víst, að sjálfskiptingin hafi verið í svipuðu ástandi við aðalskoðunina og hún var þegar álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni, enda þótt engar athugasemdir þar að lútandi væru gerðar. Hvað sem því líður er það álit kærunefndarinnar að afar ólíklegt sé að við venjulega söluskoðun við kaupin hefði framangreindur galli á bifreiðinni komið í ljós. Því valdi það álitsbeiðanda ekki réttarmissi þótt hann léti ekki framkvæma söluskoðun, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 50/2000, og geti hann borið fyrir sig að leyndur galli hafi verið á bifreiðinni við kaupin.

Álit kærunefndarinnar er því það að við kaupin hafi ástand bifreiðarinnar verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 2. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000. Fyrir lá að gera þurfti við þann galla sem á bifreiðinni var og stóð álitsbeiðandi fyrir henni, en lét þó seljanda vita af því að til stæði að athuga olíulekann sem hann hafði orðið var við. Viðgerðin reyndist kostnaðarsöm en hluti þess kostnaðar sýnist stafa af því að sjálfskiptingin var tekin tvisvar úr bifreiðinni sem ekki hefði þurft að gera ef í fyrra skiptið hefði verið framkvæmd sú viðgerð sem nauðsynleg reyndist að lokum. Verður að telja að álitsbeiðandi beri ábyrgð á því að svona var staðið að verkinu og verður að taka tillit til þess við ákvörðun skaðabóta, sbr. það sem á eftir segir.

Í 30. gr. laga nr. 50/2000 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.-40. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr.

Krafa álitsbeiðanda er sú að seljandi taki þátt í kostnaði við viðgerð sjálfskiptingarinnar og er eðlilegt að líta á þá kröfu sem skaðabótakröfu. Það er álit kærunefndarinnar samkvæmt, því sem að framan segir, að vegna þess galla sem á bifreiðinni var beri seljanda að greiða álitsbeiðanda skaðabætur. Við ákvörðun bótafjárhæðar verður að taka tillit til þess að bifreiðin var 7 ára gömul þegar kaupin fóru fram og hafði verið ekið 108.000 km. svo og þess sem að framan segir um viðgerðarkostnað. Bótagreiðsluna verður þannig að meta að álitum og er niðurstaða kærunefndarinnar sú að hún sé hæfilega ákveðin kr. 300.000.

VII Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 300.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir